

Skipulagsstofnun,
landsskipulagsstefna,
Laugavegi 166,
105 Reykjavík.

Selfossi 10. febrúar 2015

Efni: Umsögn Suðurlandsskóga um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026

1. Kynning ómarkviss. Að undanfögnu hafa drög að tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 verið kynnt af hálfu Skipulagsstofnunar. Gerðar eru athugasemdir við kynninguna þar sem megináhersla var lög á að ná til „eftirlitsiðnarins“, þ.e.a.s. þeirra sem fara með skipulagsvaldið, en minni áhersla lögð á að ná til þeirra sem nýta landið og þar af leiðandi ætti að vera mikilvægasti umsagnaradilinn. Líkur eru því á því að Landskipulagsstefna 2015-2026 fari í gegnum umsagnarferli án almennrar aðkomu og umsagna frá hinum almenna landeigenda.
2. Skerðing á eignarétti landeigenda. Því er mótmælt að það eigi að taka skógrækt til hliðar frá annarri landbúnaðarnotkun og skerða þannig rétt landeigenda til að ráðstafa sínu landi undir þau landnot sem hver og einn telur réttastan og mest virði. Þarna er verið að gera tilraun til að skerða eignarétt landeigenda, sem er lögvarinn réttur í Stjórnarskrá Íslands. Víðar í plagginu má finna tilraunir til að taka rétt til landnýtingar og færa hann til annarra en eiga landið, samber aldargamlan rétt landeigenda til beitarréttar á afréttum.
3. Ein grein landbúnaðar ofar annarri. Í drögum að tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram tilgáta að ein grein landbúnaðar sé hugsanlega betri og arðsamlegri en önnur. Hvaða forsendur liggja hér að baki? Nauðsynlegt er að vitna í skýrslur eða rannsóknarniðurstöður þessu til staðfestingar í Landsskipulagsstefnunni þar sem skýrt er betur hvers vegna „hagkvæmni kornræktar hér á landi geti aukist í framtíðinni“ umfram annan landbúnað.
4. Aðeins skógrækt. Í drögum að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er tekið sérstaklega fram að „skógrækt skuli falla vel að landi“. Það verður furðu að eingöngu einn umhverfisþáttur í landbúnaðarskipulagi eigi að falla vel að landi og ekki er skýrt nægilega vel í Landskipulagsstefnunni hvers vegna þetta er sett svona fram?
5. Vinnunefnd. Óskað er eftir að fulltrúa skógræktar verði bætt inn í vinnuhóp (kafla 2.3.2) fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu.

6. Suðurlandsskógar leggja til að stefna skógræktar „*Skógar á Íslandi, stefna á 21.öld*“ verði höfð til hliðsjónar í mótun landskipulagsstefnu 2015–2026.
7. Vinnufundur. Fram kom á kynningarfundi um skipulagsstefnuna að vinna væri enn í fullum gangi við gerð áætlunarinnar. Er því lagt til að haldinn verði sérstakur vinnufundur hjá Skipulagsstofnun með fulltrúum skógargeirans um þau atriði í drögum um Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem snýr sérstaklega að skógrækt.

Virðingarfyllt

F.h. Suðurlandsskóga

Björn Bjarndal Jónsson

t.p.; bjorn@sudskogur.is

s. 899 9302